

Nd.

86. Frumvarp til laga

[78. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Friða Hjörleif Guðmundsdóttir, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. á Íslandi 11. september 1934.
2. Hannam, William Leifur, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 17. desember 1941.
3. Ipsen, Karl Christian August, bifvélavirki í Reykjavík, f. í Danmörku 7. nóvember 1908.
4. Ipsen, Guðrún Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 8. júlí 1911.
5. Jacobsen, Fridlev, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 2. ágúst 1929.
6. Krause, Elfriede Else Marie, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 25. febrúar 1908. (Fær réttinn 16. júlí 1961).
7. Krause, Karl Heinz, verkfræðingur í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 9. september 1919.
8. Ploder, Johan Kurt, hljómlistarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 21. ágúst 1927.
9. Ulbrich, Erna Martina Luise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. júlí 1934.
10. Zoëga, Guðrún Ólafía Þórunn, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 28. október 1907.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgarétt með lögum þessum, fyr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. 472 á 74. löggjafarþingi, 17. marz 1955. Umsækjandi nr. 6 fullnægir þó ekki skilyrðunum fyrr en 16. júlí 1961, og er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að hann öðlist ekki réttinn fyrr en hann hefur fullnægt skilyrðunum.